

Hættir sem formaður Geðhjálpar



Björt Ólafsdóttir, formaður Geðhjálpar, hefur í framhaldi af ákvörðun sinni að verða í framboði fyrir Bjarta framtíð í næstu alþingiskosningum, ákveðið að segja af sér formennsku í Geðhjálpar.

Björt verður í efsta sæti á framboðslista Bjartrar Framtíðar í Reykjavíkurborg norður.

„Formennska í Geðhjálpar er afar krefjandi og tímafrekt sjálfbæðastarf sem ég hef sinnt eftir bestu getu síðastliðin tvö ár. Ég er afar stolt af því góða starfi sem ég hef fengið að taka þátt í með félaginu og þeim árangri sem við höfum náð. Það er því með söknuði og stolti sem ég í dag segi af mér sem formaður Geðhjálpar vegna mikilla anna sem ég má vænta á hinum nýja vettvangi,“ segir í yfirlýsingu sem Björt sendi frá sér.

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/12/16/haettir_sem_formadur_gedhjalpar/